

Keldudalur

(Eyðijörð, sem liggur undir Álftagróf.)

Magnús Finnbogason skráði.

Keldudalur er í dalverpi vestan við Hafursá, sunnan í hálandinu. Jörðin er nú í eyði, en var einu sinni sýslumannssetur.

Suðvesturhluti túnsins heitir **Mosatún** (1). Upp af bæjarrústunum er hæð, sem heitir **Bjalli** (2). Austan við túnið er ás, heitir hann **Múli** (3). Hæðin þar upp af heitir **Öxl** (4). Hausarnir þar upp af heita **Brúðuklettur** (5). Mýrin fyrir neðan túnið heitir **Bringur** (6).

Bakkinn niður með ánni heitir **Nes** (7). Flötin þar austur af heitir **Stekkatún** (8). Þar hjá er gil, sem heitir **Klofi** (9). Vestan við hann er **Mjóatorfa** (10). Upp af henni er **Hlíðartorfa** (11) og **Krókagil** (12) og hvammurinn þar hjá **Krókur** (13). Þar fyrir austan er **Lambárgil** (14). Eftir því rennur **Lambá** (15). Skilur hún Keldudalsland frá Stórhöfða, sem tilheyrir Pétursey.

Fremst í Lambárgili er hellir, sem heitir **Fjárnól** (16), dálítið innar **Gatból** (17) og **Geldsauðarból** (18). Fremst í **Keldudalsgili** (19) er **Standból** (20) og **Hellirinn** (21). Innan við hann eru skútar, sem heita **Kúaból** (22). Brýrnar þar upp og innar af heita **Hrafnaklettur** (23). Austur af þeim eru **Mógrafartorfur** (24), en heiðin þar austur af heitir **Grímsheiði** (25). Upp af henni eru **Skollaklettur** (26). Austur af þeim er **Fjallgil** (27). Vestur af Skollaklettum eru **Hlíðarhausar** (28). Austan við Fjallgil er **Koltungnafjall** (29), fremsti tangi þess heitir **Rani** (30) og **Ranagil** (31). Innst í Lambárgili er **Lambhagi** (32). Upp af honum er **Gathilla** (33). Inn af Lambárgili **Bárðargil** (34), og inn með því er **Bárðarfell** (35), en suður af því er **Kjóamýri** (36). Norðvestur af henni er strýta, sem heitir **Valapúfa** (37). Er hún á mörkum Keldudals og Álftagrófar.

Litlihöfði (38) er allstór hæð á aurunum fram af Keldudal, og er hann í Keldudalslandi, en tilheyrir þó Holti. Sagt er, að þar hafi bær verið, enda sést móta þar fyrir húsarústum. Efst í kalli höfðans er hellir, sem heitir **Kollsból** (39).

Heimildarmaður er eigandi jarðarinnar, Tómas Lárusson, bóndi í Álftagróf.

Stafrófsskrá örnefna

Bárðarfell 35
Bárðargil 34
Bjalli 2
Bringur 6
Brúðuklettur 5
Fjallgil 27
Fjából 16
Gatból 17
Gathilla 33
Geldsauðarból 18
Grímsheiði 25
Hellir(inn) 21
Hlíðarhausar 28
Hlíðartorfa 11
Hrafnaklettur 23
Keldudalsgil 19
Kjóamýri 36
Klofi 9
Kollsból 39
Koltungnafjall 29
Krókagil 12
Krókur 13
Kúaból 22
Lambá 15
Lambárgil 14
Lambhagi 32
Litlihöfði 38
Mjóatorfa 10
Mógrafartorfur 24
Mosatún 1
Múli 3
Nes 7
Ranagil 31
Rani 30
Skollaklettur 26
Standból 20
Stekkatún 8
Valapúfa 37
Öxl 4